

Boðskapur Æðsta forsætisráðsins júní 2011

Henry B. Eyring forseti

fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu

Guð gefur okkur boðorð til þess að blessa okkur. Hann þráir að gefa okkur eilíft líf, sem er æðst allra gjafa hans (sjá K&S 14:7). Við verðum að lifa eftir lögmáli himneska ríkisins, til að hljóta þá gjöf að lifa með honum sem fjölskyldur í því ríki (sjá K&S 88:22).

Hann hefur gefið okkur boðorð í þessu lífi til að auðvelda okkur að gera það. Tíundarlögmálið er eitt af þeim boðorðum sem búa okkur undir það. Lögmálið felst í því að við gefum Drottni einn tíunda hluta allra okkar tekna. Það er svo auðskilið að barn fær jafnvel skilið það. Ég hef séð börn afhenda biskupi tíundarumlög sem í er einn tíundi hluti þeirrar litlu upphæðar sem þau hafa unnið sér inn.

Ein þeirra blessana sem við hljótum af því að greiða fulla tíund er að þróa trú til að lifa eftir jafnvel enn æðra lögmáli. Við verðum að lifa eftir helgunarlögmálinu, ef við viljum dvelja í himneska ríkinu. Þar verðum við að geta skynjað að allt sem við erum og eigum heyri Guði til.

Að greiða fulla tíund í þessu lífi, býr okkur hið minnsta á þrjá vegu undir að **skynja** það sem við verðum að skynja til að hljóta gjöf eilífs lífs.

Í fyrsta lagi mun himneskur faðir úthella yfir okkur blessunum þegar við greiðum kirkjunni tíund. Allir sem hafa staðfastlega greitt fulla tíund þekkja sannleiksgildi þess. Blessanirnar eru stundum andlegar og stundum stundlegar. Þær veitast að tímatali og vilja Drottins, sem veit hvað okkur er fyrir bestu.

Er við hljótum slíkar blessanir þá styrkist trú okkar á því að Guð sé uppspretta alls þess góða í lífi okkar. Fyrir helgun okkar reynist okkur auðveldar að skynja þann sannleika að öll sköpun Guðs tilheyrir honum. Við **finnum** til þakklæti fyrir að hann biður aðeins um tíu prósent til baka af því sem hann hefur þegar gefið okkur. Við verðum því betur undir það búin að lifa eftir helgunarlögmálinu þegar okkur verður boðið að gera það.

Í öðru lagi **finnum** við öll, sem höfum staðfastlega greitt fulla tíund, til aukins sjálfstrausts í því að biðja Guð um að uppfylla þarfir okkar og fjölskyldu okkar. Hann hefur heitið blessunum, jafnvel meiri en við fáum borið, þegar við höfum verið trúföst sáttmála okkar um að greiða tíund (sjá Mal 3:10). Ein mesta blessun tíundar er því sannfæring um það sem býr í skauti framtíðar. Að allt muni fara á besta veg, hverjar sem aðstæður okkar eru. Við munum sjá loforð hans rætast, ef við höldum okkar loforð. Friðartilfinning er ein mesta blessun þess að greiða fulla tíund. Þeir sem hafa haldið boðorðið um tíund geta vitnað um að blessun friðar sé raunveruleg og eftirsóknarverð.

Í þriðja lagi **finna** þeir sem greiða tíund til aukinnar elsku til Guðs og allra barna Guðs. Þá auknu elsku má rekja til skilnings okkar á því hvernig faðirinn notar tíund okkar til að blessa fólk í þessum heimi og um eilífð.

Hann notar tíundina af mikilli umhyggju fyrir tilverknað réttmætra þjóna sinna. Tíundargreiðendur hjálpa Drottni að reisa musteri, þar sem fjölskyldur geta innsiglast um eilífð. Tíundargreiðendur hjálpa honum að færa fólk hvarvetna fagnaðarerindið. Tíundargreiðendur hjálpa honum að líkna hungruðum og þjádum, eins og honum þóknast fyrir tilverknað þjóna sinna. Sérhver slíkur þjónn getur greint ykkur frá því hvernig tíund sem notuð var til að blessa fólk leiddi til aukins kærleika. Og það getur hinn trúfasti tíundargreiðandi líka gert.

Tíundaruppgjörið er mánuðum fjarri. Ég bið þess að þið og fjölskyldur ykkar farið að búa ykkur undir að geta tekið á móti þeim blessunum sem Guð úthellir yfir þá sem staðfesta frammi fyrir honum að þeir greiði fulla tíund.

Hvernig kenna á boðskapinn

- Stundum er best að kenna ákveðna reglu með því að hafa sýnikennslu (sjá Teaching, No Greater Call [1999], 164). Hugleiðið að biðja fjölskyldumeðlim að sýna hvað einn tíundi hluti tákna. Hann eða hún getur gert það með því að taka einn hluta af tíu öðrum. Hugleiðið að ljúka með því að biðja fjölskyldumeðlim að sýna hvernig útfylla á tíundarseðil.

- „Þeir sem þið kennið munu hafa gagn af gagnkvæmri þátttöku“ (Teaching, No Greater Call, 63). Biðjið fjölskylduna að greina frá því sem hún telur Eyring forseta eiga við með orðunum: „Að **skynja** það sem við þurfum að skynja til að hljóta gjöf eilífs lífs.“ Hugleiðið að ræða atriðin þrjú er tengjast tíundargreiðslu sem búa okkur undir skynja það sem við þurfum að skynja til að hljóta blessanir Guðs.

Æskufólk

Nægt fé

Fabiano dos Santos da Silva

Ég hitti trúboða þegar ég var 17 ára. Á þeim tíma bjuggum ég og eldri bróðir minn saman. Móðir okkar lést á fyrra ári og lífið var erfitt. Þegar trúboðarnir tóku að kenna mér fann ég að kirkjan bjó yfir því sem ég hafði ætíð þráð. En áhrif vina minna komu í veg fyrir að ég færi í kirkju á sunnudögum.

Eitt sinn fór ég á kirkjuviðburð í miðri viku. Það fyllti mig gleði að sjá svo margt ungt fólk hlægja og leika sér saman. Trúboðarnir gripu tækifærið og kenndu mér trúarlexíu, ásamt unga fólkinu, og mér leið svo vel að ég ákvað að láta skírast.

En ég þurfti að takast á við áskoranir, jafnvel eftir að ég gekk í kirkjuna. Ég var eini meðlimur kirkjunnar í mínum borgarhluta, sem var fjarri samkomuhúsi kirkjunnar. Vinir mínir, sem ekki voru í kirkjunni, vildu ekkert með mig hafa lengur. Þegar ég upplifði einmanaleika, baðst ég fyrir og fann fyrir elsku Drottins.

Í hverjum mánuði fékk ég litla peningaupphæð úr sjóði sem móðir mín skildi eftir sig. Mér reyndist erfitt að framfleyta mér á svo lítilli upphæð. En ég einsetti mér að hlýða. Ég greiddi tíund og varð einnig að greiða fyrir ferðir til að komast í trúarskólann og á samkomur á sunnudögum. Ég fær ekki skilið hvernig, en í lok mánaðarins komst ég að því að féð hafði dugað fyrir þessu öllu.

Ég veit að ég hef notið blessana af tíundargreiðslu. Ég hef hlotið sterkari vitnisburð fyrir að hlýða þessu boðorði og þjóna í trúboði og átta mig á blessunum, svo ég geti styrkt nýja meðlimi sem glíma við erfiðleika.

Börn

Ég get greitt tíund

Tíundargreiðsla felst í því að gefa Drottni tíundarhluta af tekjum okkar. Ímyndið ykkur þrjú börn sem leysa mismunandi verkefni. Gerum ráð fyrir að eitt þeirra fái 100 kr., annað 200 kr. og hið þriðja 300 kr. fyrir ómakið. Skrifðið hve mikið hvert þeirra ætti að greiða sem tíund.

Auka spurning: Hver þessara tíundargreiðenda hlýtur flestar blessanirnar? (Vísbending: Sjá síðustu málsgrein Eyrings forseta í boðskapinum.)